

**5. gr.**

Hverjum húseiganda, sbr. 1. gr., er skylt að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins, er nemur 1.5% af núverandi fasteignamati íbúðarhúsa.

Lágmarksgjald fyrir hvert íbúðarhús eða íbúð er þó kr. 500.00.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað árlegt holræsagjald um allt að 50% án breytingar á reglugerð þessari.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. febrúar ár hvert.

**6. gr.**

Húseigandi greiðir holræsagjald, og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess, þótt hann hafi framselt afnotarétt eignarinnar.

**7. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1969.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

**fyrir Vatnsveitufélag Nýpukots, Þorkelshóls  
og Þorkelshóls II í Þorkelshólshreppi.**

**1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Nýpukots, Þorkelshóls og Þorkelshóls II. Heimili þess og varnarþing er í Þorkelshólshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

**2. gr.**

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Nýpukots, Þorkelshóls og Þorkelshóls II.

Hver stofnandi greiði 10 þúsund krónur sem stofngjald.

**4. gr.**

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögsmætt aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir 8 þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gerðar verða sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

**5. gr.**

Vatnsskatt skal innheimta eftir ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

**6. gr.**

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

**7. gr.**

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef einhverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

**8. gr.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað með viku fyrirvara bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef allir félagsmenn sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar af stjórn félagsins, en hana skipa þeir þrír menn, sem að félagsstofnun standa. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

**9. gr.**

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

**10. gr.**

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

**11. gr.**

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Nýpukots, Þorkelshóls og Þorkelshóls II í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, staðfestist hér með samkvæmt Vatnalögum nr. 15 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*